

Mál nr. 150/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/vegna forfallatryggingar greiðslukortatryggingar

Forföll vegna veikinda í júlí 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.08. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.09. 2008, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vísar til þess að skömmu fyrir brottför í ferðalag hafi eiginkona hans veikt svo alvarlega að hún treysti sér ekki í ferðina sbr. fyrirliggjandi gögn. Læknisvottorð sé því til staðfestingar. Þau hafi gengið frá kaupum á umræddri ferð í janúar 2008 með greiðslukorti.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í bréfi til nefndarinnar, dags. 04.09. sl. Félagið vísar til ákvæðis vátryggingarskilmála 6.2.1 þar sem segir að “Félagið bætir ekki: Tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt”. Ágreiningur aðila sé um hvort þau skilyrði sem nefnd eru hafi verið uppfyllt. Félagið vísar til athugunar sem trúnaðarlæknir (ráðgjafarlæknir) þess hafi framkvæmt. Trúnaðarlæknir félagsins hafi aflað upplýsinga, í trúnaði, frá lækni tjónþola að fengnu samþykki tjónþola. Niðurstaða trúnaðarlæknisins hafi verið sú, sbr. fyrirliggjandi staðfestingu hans, að ekki væri um bótaskyld tjón að ræða. Sökum trúnaðar hafi læknir félagsins hins vegar ekki upplýst félagið um hvers kyns veikindi um er að ræða né hvers kyns meðferð veitt hafi verið “enda hafi slíkar upplýsingar enga þýðingu við úrvinnslu málsins”. Þessar upplýsingar frá trúnaðarlækninum telur félagið nægja til þess að leggja til grundvallar höfnun bótaskyldu.

Trúnaðarlæknir félagsins lætur þess getið í tölvupósti til félagsins, dags. 02.09. sl., m.a. “...að veikindi konunnar væru ekki ný af nálinni. Því var svar mitt stutt, að félaginu væri stætt á að neita bótaskyldu. Nú sit ég í þeirri stöðu að rjúfa þann trúnað sem X (læknir konunnar) lagði svo mikla áherslu á að ætti að gilda. Ég hvika ekki frá því að endurtaka fyrri fullyrðingu mína, um að hafna bótaskyldu, en eigi ég að upplýsa um sjúkdóminn, vil ég skriflega yfirlýsingu konunnar um að ég megi rjúfa trúnað.”

M staðhæfir í málskotinu að eiginkona sín hafi ekki verið sjúkdómsgreind og hafi enga meðferð fengið við veikindum sínum. Það hafi verið fyrst 10.07. sl. sem hún hafi verið greind með sjúkdóm og send til sérfræðings til að fá bót meina sinna sbr. fyrirliggjandi gögn. Hann telur túlkun félagsins á skilmálum ranga.

Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 05.08. sl., kemur fram að eiginkona M “kom fyrst til mín 10.07. sl. og var greind með sjúkdóm og send til sérfræðings. Sjúklingurinn hafði áður ekki fengið meðferð (lyfjameðferð).”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist sem eiginkona M hafi átt við langvinn veikindi að stríða. Verður lagt til grundvallar, miðað við takmörkuð gögn máls þessa, að nefnt ákvæði 6.2.1 í skilmálum félagsins eigi hér við og því er greiðsluskylda félagsins ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda váttryggingafélagsins er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.